

Umferð um Höfðahlið skal vikja fyrir umferð um Skarðshlið á vesturmörkum Höfðahliðar.

Umferð um Skarðshlið viki fyrir umferð um Höfðahlið við Höfðahlið 1.

Umferð um Fosshlið viki fyrir umferð um Skarðshlið.

Umferð um Smárahlið viki fyrir umferð um Skarðshlið.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 26. júní 1978.

Ófeigur Eiríksson.

Nr. 297.

9. ágúst 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjónustumiðstöð bókasafna, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. ágúst 1978. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjónustumiðstöð Bókasafna.

1. gr.

Stofnunin heitir Þjónustumiðstöð bókasafna og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að bæta bókasafnsþjónustu á Íslandi. Skal það gert m. a. á eftirfarandi hátt:

- A. Að vinna að miðskráningu bóka.
- B. Að gefa út alls konar bókfræðileg gögn, t. d. spjaldskrárspjöld, samskrár, bókaskrár, bókfræðilykla, upplýsingarit um nýjar útgáfur bóka, platna og snældna.
- C. Að gefa út rit, sem varða starfsemi bókasafna, t. d. leiðbeiningarbækur fyrir bókaverði og rit varðandi stefnur í bókasafnsmálum almennt.
- D. Að annast sameiginleg innkaup bókasafna á safnkosti og sjá um hand og frágang bóka til útláns.
- E. Að framleiða ýmis konar bókasafnsvörur og dreifa þeim til safna.
- F. Að veita sérfræðilega aðstoð og ráðgjöf, sem horfir til heilla íslenskur bókasöfnum.

3. gr.

Stofnendur Þjónustumiðstöðvar bókasafna eru Bókavarðafélag Íslands og Félag bókasafnsfræðinga. Félagsmenn þessara félaga á hverjum tíma ráða rekstri stofnunarinnar og annast eignir hennar.

4. gr.

Stofnframlag til Þjónustumiðstöðvar bókasafna skal vera kr. 8 750 000.00 — áttamilljónirsjöhundruðogfimmtíuþúsundkrónur —, en í fjárhæð þessari felst ólaunað vinnuframlag félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga vegna útgáfu bókaskrár og spjaldskrárspjalda og styrkir úr Vísindasjóði og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til sama verkefnis, enda taki stofnunin að sér að ljúka verkefninu og verji hagnaði af sölu nefndra gagna í samræmi við ákvæði 2. greinar.

5. gr.

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, innan þeirra marka sem stofnskrá þessi og landslög setja, er í höndum lögmætra aðalfunda eða lögmætra aukafunda.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda þegar stjórn stofnunarinnar þykir þess þörf. Skytt er þó stjórninni að boða til fundar, ef a. m. k. 1/10 hluti samanlagðs fjölda félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga krefst þess. Ef stjórnin hefur ekki boðað fund innan 14 daga frá móttöku kröfunnar, er þeim, sem að henni stóðu, heimilt að boða sjálfir fundinn.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal boða til aðalfundar á sannanlegan hátt með minnst fjórtán daga fyrirvara, en aukafundi má eigi boða með minna en 7 daga fyrirvara. Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboði.

Aðalfundur og aukafundur eru lögmætir, ef til þeirra er löglega boðað og viðstaddir eru hið fæsta 1/10 hluti samanlagðs fjölda félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal kvatt til nýs fundar innan mánaðar með 7 daga fyrirvara og þess getið í fundarboði, að fundurinn sé haldinn í stað þess fyrri fundar er eigi varð lögmætur. Er síðari fundurinn þá lögmætur án tillits til fundarsóknar.

8. gr.

Formaður stjórnar stofnunarinnar stýrir fundum eða kveður til fundarstjóra í sinn stað og tilnefnir hann fundarritara. Fundarstjóri skal leysa úr öllu, er varðar lögmæti fundarins samkvæmt skipulagsskrá þessari, og stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

9. gr.

Á aðalfundum skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

- A. Skýrsla stjórnar um hag og rekstur liðins starfsárs.
- B. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
- C. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
- D. Fjárhagsáætlun komandi starfsárs.
- E. Önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

10. gr.

Halda skal gerðabók og skrá þar allar ályktanir, sem gerðar eru, ásamt stuttri greinargerð um annað, sem gerist á aðal- og aukafundum. Funndargerðin skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess, sem gerst hefur á fundum.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn og jafn margir til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Félagsmenn í Bókavarðafélagi Íslands annars vegar og félagsmenn í Félagi bókasafnsfræðinga hins vegar skulu skiptast á um að skipa meirihlutann, eitt ár í senn. Ákvæði til bráðabirgða: Stjórn fyrsta starfsársins verði ekki kjörin heldur skipi stjórn Félags bókasafnsfræðinga 3 menn í stjórn stofnunarinnar og jafn marga til vara, en stjórn Bókavarðafélags Íslands skipi 2 menn og jafn marga til vara.

12. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, kýs sér formann, gjaldkera og ritara. Stjórn stofnunarinnar stýrir öllum málefnum hennar milli aðalfunda og hefur almenna umsjón með rekstri og fjárhag stofnunarinnar.

13. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir hvenær sem formaður telur þess þörf. Þó er formanni skylt að boða stjórnarfund sé þess krafist af einhverjum stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra stofnunarinnar, verði hann ráðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir, ef mættir eru 3 stjórnarmenn. Við afgreiðslu mála ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns skera úr. Stjórninni ber að skrá stutta skýrslu um það, er á stjórnarfundum gerist, og staðfesta hana með undirskrift sinni.

14. gr.

Teljist þess þörf er stjórn stofnunarinnar heimilt að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir stofnunina.

15. gr.

Á aðalfundi skal kjósa 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Skal jafnan annar kjörinn frá Bókavarðafélagi Íslands en hinn frá Félagi bókasafnsfræðinga. Ákvæði til bráðabirgða: Stjórnir greindra félaga skipa endurskoðendur fyrsta starfsár stofnunarinnar. Endurskoðendur skulu rannsaka reikninga stofnunarinnar og öll reikningsgögn starfsársins. Skulu þeir hafa aðgang að öllum bókum og skjölum stofnunarinnar í þeim tilgangi.

16. gr.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórn skal semja árlega rekstrar- og efnahagsreikning stofnunarinnar.

17. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal hafa lokið gerð ársreikninga fyrir liðið starfsár og lagt þá fyrir endurskoðendur ekki síðar en mánuði fyrir aðalfund. Endurskoðendur skili stjórninni reikningunum ásamt athugasemdum í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

18. gr.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá þessari verða aðeins bornar upp á aðalfundum og skulu þær hafa borist stjórn stofnunarinnar eigi síðar en 31. mars. Lögmatra breytingartillagna á skipulagsskrá skal getið í fundarboði til aðalfundarins. Hljóti tillagan atkvæði $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna telst hún löglega samþykkt. Löglega samþykktar breytingar á skipulagsskrá ber að senda til dómsmálaráðuneytisins.

19. gr.

Með tillögur um, að stofnunin verði lögð niður, skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari að öðru leyti en því, að skylt er að leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins á ákvörðunum þar að lútandi. Hljóti tillagan tilskilinn meirihluta atkvæða skal hún send án tafar í ábyrgðarbréfi dómsmálaráðuneytinu til samþykktar eða synjunar. Hafi svar eigi borist frá ráðuneytinu innan 4 mánaða frá dagsetningu bréfsins telst tillagan löglega samþykkt.

Verði starfsemi stofnunarinnar lögð niður skulu allar eignir hennar hverju nafni sem nefnast renna til aðila, sem þá þegar er til eða síðar kann að verða til, og hefur sömu markmið og Þjónustumiðstöð bókasafna.

20. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.